

Yfirskrift	Fundargerð stjórnar FFR				
Stjórnarfundur nr. 6 2016	6	Dagsetning	28. september 2016	Tími	11:30 – 13:30
Fundarstaður	Mannvirkjastofnun				
Fundarstjóri	BK				
Ritari	ISS				
Mættir (fjarverandi)	BK, KLÁ, ISS, EB, HÓS, BE, MH (GSB) + Ingibjörg Guðmundsdóttir				
Fylgiskjöl	Umsögn um frumvarp til laga um kjararáð dags. 26.sept. 2016				
Vistun gagna	ISS				

Fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar og Fréttabréf FFR

Fundargerð 3. fundar frá 25. apríl var samþykkt. Klára þarf frá fundargerðir 4. og 5. fundar en ritari var ekki viðstaddur þá fundi. Formaður sendi út *Fréttabréf FFR* þann 22. september s.l., en í því er fjallað um starfið í haust, aðalfund 13. maí, frumvarp til laga um kjararáð og fyrirhugað fræðslustarf í vetur.

2. Umsögn FFR um frumvarp til laga um kjararáð

Fjármála- og efnahagsráðherra lagði fram á Alþingi frumvarp til laga um kjararáð þann 16. sept. og óskað var eftir umsögnum þann 22. sept. með skiladegi 26. sept. Flestir stjórnarmenn komu að vinnslu umsagnar, en hitann og þungann báru KLÁ, BK og MH. BK og KLÁ fóru síðan á fund efnahags- og viðskiptanefndar í morgun. Ekki er víst að Alþingi nái að ljúka málinu fyrir þinglok. Stjórnin styður meginlínu frumvarpsins, enda hafa stjórnir FFR síðastliðinn áratug stutt þá meginlínu, eins og fram kemur í skýrslunni „Tillögur starfshóps um vinnuumhverfi forstöðumanna“ (sjá umsögn). Stjórn FFR bendir á að á eftir að þróa og innleiða allt verklag varðandi fyrirkomulag ráðningarmála, launaákvæðana, frammistöðumats, starfsþróunar, hreyfanleika og starfsloka forstöðumanna. Í athugasemdum við frumvarpið eru mjög takmarkaðar lýsingar á mögulegu verklagi varðandi suma þessa þætti og allt verklagið er enn mjög ómótað. Stjórn FFR hefur undirstrikað mikilvægi þess að reynsla og þekking forstöðumanna sé nýtt við þróun þessa verklags. Frumvarpið byggir að þó nokkru leiti á tillögum starfshóps á vegum fjármálaráðuneytisins um vinnuumhverfi forstöðumanna frá árinu 2012, en einnig er tekið mið af norsku fyrirkomulagi um launasetningu forstöðumanna (Statens lederlønssystem). Lagt er til að kjara- og mannauðssýsla ríkisins fái þrjá starfsmenn til að sinna auknum verkefnum vegna frumvarpsins, en einnig er ljóst að félagið eða félagsmenn verða að hafa aðgang að sérfræðingum vegna kjaramála. Þá þarf einnig að skoða hvaða breytingar verða á starfsemi FFR verði frumvarpið samþykkt. Skiljanlegt er að forstöðumenn geti haft skiptar skoðanir á þessu mjög svo mikilvæga máli og því er ástæða til að halda Morgunverðarfund og félagsfund um málið til að skerpa á stefnu FFR hvað þetta mál varðar.

3. Starfsmaður FFR og kaup á sérfræðipjónustu

Ingibjörg Guðmundsdóttir sat fundinn, en hún mun sinna ýmsum verkefnum á vegum félagsins sbr. drög að starfslýsingu frá 26. apríl s.l. Upphaflega var henni m.a. ætlað að taka þátt í þróun hæfniviðmiða fyrir forstöðumenn í samvinnu við kjara- og mannauðssýslu ríkisins, í framhaldi af styrkveitingu úr Starfsmenntunarsjóði embættismanna. Sú vinna tengist frumvarpinu og nýrri

launasetningu. Hún hefur einnig tekið þátt í að undirbúa fræðsluáttak fyrir samstarfsnefndir vegna stofnanasamninga allra stofnana, sem verður í haust, en BHM hefur þó dregið sig úr samstarfinu. Verið er að undirbúa fræðslupakka, en átakið verður fjármagnað úr starfsmenntunar- og endurmenntunarsjóðum stéttarfélaganna. IG sendir drög að fræðslupakkanum á hópinn. BK telur að kaupa þurfi ákveðna sérfræðiþjónustu til að auðvelda stjórn áframhaldandi vinnu og var málið rætt.

4. Verkaskipting í stjórn

Fjallað var um verkaskiptingu á stjórnarfundum 4 þann 30. Maí 2016, strax eftir aðalfund. Formaður er BK. Gjaldkeri er KLÁ og ritari er ISS. HÓS tekur að sér vinnu við vefsíðu.

5. Næstu morgunverðarfundir og félagsfundur í vor

Fræðslustarfið verður að mestu í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands sbr. síðasta *Fréttabréf FFR*. Morgunverðarfundir verða með svipuðu sniði og áður og fyrsti fundurinn hefur verið auglýstur 5. okt. og hefur hann yfirskriftina *Stofnanir í nýju fjölmiðlaumhverfi – almannatengsl og samfélagsmiðlar*. Leitað verður eftir fundi um fjárlagafrumvarpið 2017 með nýjum fjármálaráðherra eftir kosningar og einnig var rætt um að hafa fund um frumvarp um Kjararáð með sérfræðingum úr ráðuneytinu, mannauðsstjóra og hugsanlega sérfræðingi sem þekkir vel inn á réttindi og skyldur forstöðumanna. Þá verður einnig boðið upp á nokkur námskeið í samstarfi við ýmsa aðila s.s. Félag stjórnsýslufræðinga og Ríkiskaup. Framvegis má nálgast glærur frá fundum félagsins á sérstöku vefsvæði <http://www.stjornsyslustofnun.hi.is/node/1060>. Einnig verður hægt að fá upptöku af hljóði (hljóðskrá) og kynningarefnið sent, með því að skrifa til: stjornsyslaogstjornmal@hi.is

6. Fast fyrirkomulag stjórnarfunda

Rætt var um að hittast reglulega síðasta fimmtudag eða föstudag í mánuði. BK gerir drög að fundaplani til áramóta. Einnig var rætt um að stjórn og þeir sem gengu úr stjórn í vor geri sé dagamun á næstunni.

7. Myndataka

Tekin var mynd af nýrri stjórn.

Verkefni sem leiða af fundinum

Verkefni	Úthlutað til Ábyrgð/þátttaka	Ljúka fyrir
Frágangur fundargerða 4. og 5.	BK og ISS	Sem fyrst
Senda drög að fræðslupakka vegna stofnanasamninga á stjórn	IG	Sem fyrst
Taka upp vinnu við vefsíðu	HÓS	Sem fyrst
Fá morgunverðarfund með nýjum fjármálaráðherra	BK	15.11.2015
Kanna hvort hægt sé að fá sérfræðing frá Noregi á fund	KLÁ ofl.	27.10.2015
Dagamunur	BK	Fljótlega
Fundaplan til jóla	BK og ISS	Sem fyrst